



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík
Pósthólf 100 Sími 92-3100

39. fundur

skólanefndar Fjölbrautaskóla var haldinn í kennarastofu skólans miðvikudaginn 11. júlí 1979, og hófst hann kl. 20³⁰. Fundinn sóttu: Gunnar Sveinsson, Ingvar Jóhannsson, Jón Hólmgeirsson, Ómar Bjarnþórsson, Eggert Ólafsson, Hreinn Ásgrímsson Jón Böðvarsson, skólameistari og Ingólfur Halldórsson.

Þetta gerðist:

1. Fjallað var um kennararáðningar og fyrst tekin afstaða til umsókna frá starfandi kennurum við skólann. Sóttu þeir allir um endursetningu nema Baldur Kristjánsson, Hjalti Jón Sveinsson, Leó Jóhannesson, Sigmundur Böðvarsson og Þorsteinn Gunnarsson sem að vísu sótti fyrst en hefur verið ráðinn við Fjölbrautaskólann í Breiðholti.

Samþykkt var að leggja til að settir verði um eins árs skeið eftirtaldir kennarar frá 1. ágúst að telja:

- a) í fullt starf: Ann Patricia, Bragi Halldórsson, Gizur Í. Helgason, Gunnar Bergmann, Gunnar Þórarinnsson, Jón Agnar Ármannsson, Jón A. Valdimarsson, Magnús Ó. Ingvarsson, Maja Loebell, Óskar Jónsson, Sigríður Bílddal, Sigurður Erlendsson, Sævar Reynisson, Ægir Sigurðsson, Örn Sævar Þorleifss.
- b) í 2/3 hluta starfs: Gerard Chinotti, Gísli K. Sigurkarlsson, Héðinn Skarphéðinsson, Sturlaugur Ólafsson og Sveinbjörg Haraldsdóttir.

Jafnframt var samþykkt að fela skólameistara að rita menntamála-ráðuneytinu bréf og minna á að skólanefnd hefur áður óskað þess að Gizur Í. Helgason, Sigríður Bílddal og Sigurður Erlendsson verði skipaðir kennarar við skólann, og er afstaða nefndarinnar í því máli óbreytt þrátt fyrir ofangreinda tillögu.

Frestað var að taka afstöðu til umsókna Axels Nikolaisonar, Magnúsar Heimis Gíslasonar og Sturlaugs Björnssonar vegna óvissu um kennslumagn í teiknigreinum.

Var skólameistara veitt umboð til þess að taka ákvarðanir um

umsóknir þeirra í samráði við formann skólanefndar og aðstoðar-skólameistara.

Þá voru kynntar umsóknir um lausar stöður sem auglýstar voru í Lögbirtingablaði nr. 46/1979.

Bárust lo umsóknir í tæka tíð frá Ástu Svavarsdóttir, Ingibjörgu Johannesen, Jóhanni Geirdal Gíslasyni, Páli Magnússyni, Rúnari K. Þ. Karlssyni, Úlfari Bragasyni, Þór Rögnvaldssyni, Þorsteini Ólafssyni, Þórunni Friðriksdóttur og Þórunni Magnúsdóttur.-

Upplýst var að Páll hefur verið ráðinn annars staðar og að Þórunn Magnúsdóttir hefur verið ráðin í hálft bókavarðarstarf við skólann. Skólameistari tilkynnti að engin kennsla yrði á haustönn 1979 í prófgreinum Þórs Rögnvaldssonar.

Samþykkt var að mæla með því að eftirtaldir umsækjendur verði ráðnir í fullt starf:

Ásta Svavarsdóttir, Ingibjörg Johannesen, Úlfar Bragason, Þorsteinn Ólafsson og Þórunn Friðriksdóttir.

2. Gunnar Sveinsson flutti yfirlit um fjárhagsstöðu skólans og afhenti skólanefndarmönnum gögn þar að lútandi.

Sagði hann að lokið væri reikningsuppgjöri við ríkissjóð fyrir árin 1976 og 1977 að öðru leyti en því að ógreiddar eru verðbætur til skólans vegna byggingarframkvæmda á síðastliðnu ári.

Fulltrúi í byggingardeild menntamálaráðuneytis hefur upplýst að þær muni nú vera 30-40 milljónir króna.

Gunnar lagði fyrir skólanefndina tillögu að uppgjöri fyrir árið 1978 sem menntamálaráðuneytið sendi í bréfi dagsettu 2. júlí s.l. Lýsti skólanefnd sig samþykka niðurstöðum ráðuneytisins með fyrirvara varðandi tvo liði: bifreiðastyrki og laun greidd af launadeild v/ skrifstofustarfa o.fl.

Var formanni skólanefndar og skólameistara falið að rita ráðuneytinu bréf þar að lútandi,- og fylgir það þessari fundargerð. Samþykkt var að senda sveitarstjórum í þessum mánuði yfirlit um ógreiddan rekstrarkostnað fyrir árið 1978 og endurskoðaða rekstraráætlun fyrir árið 1979.

Þau gögn eru fylgiskjöl með fundargerð þessari.

Skólanefndin fól skrifstofustjóra skólans að ganga frá uppgjöri við sveitarfélögin í ágústmánuði til þess að fjárhagsstaða skólans verði á hreinu við upphaf haustannar.

3. Skólameistari tilkynnti að menntamálaráðuneyti og fjármála-
ráðuneyti hafi staðfest ráðningu Þórunnar Magnúsdóttur í
hálfst starf bókavarðar, en ekki hafi verið gengið frá launamálum
vegna starfa hennar á vorönn 1979.

Formaður las upp bréf frá Þórunni til skólanefndar þar að lútandi.
Nokkrar umræður urðu um bréfið og framkvæmd gæslustarfa á lesstofu.
Var síðan samþykkt að fela skólameistara að rita ráðuneytisstjóra
í menntamálaráðuneytinu bréf og fara þess á leit að ríkissjóður
greiði henni þau laun sem hún á inni.

Í bréfinu verði og vakin athygli á nauðsyn þess að lesstofan sé
opin alla virka daga milli 8¹⁵ og 16⁰⁰. (Sjá fylgiskjal).

4. Skólameistari skýrði frá launakröfu að upphæð 805 þúsund krónur
frá Axel Nikolaissäyni fyrir eftirlitsstörf við nýbyggingu
skólans s.l. sumar.

Er hér um að ræða viðbót við kr. 1800. þúsundir sem Axel hefur
þegar fengið greiddar.

Axel telur kröfu sína samkvæma launataxta tæknifræðinga fyrir
slíka vinnu, en skólameistari og formaður skólanefndar telja
upphæðina hærri en um var rætt í upphafi byggingarframkvæmdanna.
Nefndin heimilaði skólameistara að greiða Axel helming upphæðarinnar,
kr. 402.500.- en ekki meira.

5. Rætt var um áframhald byggingarframkvæmda.

Ákveðið var að gera væntanlega kennarastofu á rishæð nothæfa
fyrir upphaf haustannar.

Bergmann Þorleifsson og Sturlaugur Ólafsson voru kosnir til að
stjórna þeirri framkvæmd ellegar annast hana.

Einnig var samþykkt að stefna að því að ljúka innréttingu á
nemendaaðstöðu á 2. hæð og að mála húsið að utan.

Formanni skólanefndar og skólameistara var falið að rita fjármála-
og menntamálaráðherrum bréf varðandi þetta efni og fylgir það
fundargerð þessari.

6. Hreinn Ásgrímsson og Ingvar Jóhannsson óskuðu bókaða
eftirfarandi athugasemd:

Tveir nefndarmenn, þeir Ingvar Jóhannsson og Hreinn Ásgrímsson

blað 4.

kváðust vilja gera athugasemd við skýrslu framkvæmdastjóra S.S.S. er hann flutti á sameiginlegum fundi sveitarstjórnarmanna í Glaðheimum Vogum þann 2. júlí s.l.

Þar sem hann fjallaði um málefni skólans. Þar sagði hann stjórn S.S.S. hafa fjallað um fjármál skólans og haft samband við viðkomandi ráðuneyti og stjórn skólans og virtust allir aðilar sammála um að nauðsyn sé á að skilja á milli fjármálastjórnar skólans og annarar skólastjórnar.

Könnumst við ekki við slíkar samþykktir og óskum eftir nánari skýringum á ofangreindum ummælum.

Formaður og skólameistari upplýstu að engar tillögur hefðu fram komið eða samþykktir gerðar varðandi þetta mál, en um það hefðu orðið lítils háttar umræður á fundi þessum með S.S.S. þann 19.03.79.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið um miðnætti.